



## Tillaga

**Viðtakandi:** Velferðarráð

**Sendandi:** Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

---

### Efni tillögu:

*Lagt er til að velferðarsvið samþykki að Rótinni (félag um konur, áföll og vímuþjafa) verði falið að reka neyðarskýli fyrir konur (Konukot) að Eskihlíð 2-4 101 Reykjavík til 3j ára með endurskoðunarákvæði eftir eitt ár.*

*Áætlaður kostnaður á ári nemur 93,6 m.kr. Fjárheimild velferðarsviðs til reksturs úrræðisins er 70,3 m.kr. Óskað er eftir fjárheimild sem nemur 23,3 m.kr. á ársgrundvelli.*

### Greinargerð:

Á fundi velferðarráðs þann 19. ágúst 2020 var eftirfarandi samþykkt:

*Lagt er til að velferðarsviði verði falið að stofna til viðræðna við Rótina (félag um konur, áföll og vímuþjafa) um rekstur neyðarskýlis.*

*Kostnaðarauka vegna rekstursins verði vísað til gerðar fjárhagsáætlunar 2021.*

Framlagður samningur velferðarsviðs við Rótina um rekstur neyðarskýlis ásamt kröfulýsingu er byggður á fyrri samningi/kröfulýsingu við Rauða krossinn.

Helstu breytingar lúta að:

### Samnings upphæð:

Upphæð samnings er 93,6 m.kr. sem er hækkun um 23,3 m.kr hækkun frá árinu 2020 en ástæður felast í:

- Áætlað er að hækkun launakostnaðar m.a. vegna samningsbundinna kjarasamningshækkana nemi um 15 m.kr. Til samanburðar hækkar samningur Eflingar við Reykjavíkurborg um 23% á árinu 2021.
- Gert er ráð fyrir 5% veikindahlutfalli og er kostnaður metinn um 1,9 m.kr.

- Ekki er tryggt að Rótin geti reitt sig á sjálfbærliðastarf á sama hátt og Rauði Krossinn gerði og verður því að reikna með auknum launakostnaði.
- Gert er ráð fyrir verðbótum í samræmi við forsendur fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar eða um 2,4%.

#### **Hugtakanotkun:**

- Nafnið **Konukot** er tekið út í samningi/kröfufýsingu en þess í stað er vísað til **neyðarskýlis fyrir konur** til samræmis við orðnotkun um neyðarskýli fyrir karla. Auk þess hefur nafnið Konukot tilvísun í rekstur RK. Mögulegt sé að heiti neyðarskýlisins taki breytingum.
- Í samningi er sett inn nýtt ákvæði um **Force majeure** sem tryggir að samningsaðilar bregðist við ófyrirséðum ytri atvikum sem áhrif geta haft á þjónustuna (m.a. alvarleg veikindi og aftaka veður). RK hefur rýmkað opnunartíma Konukots þegar slíkt hefur komið upp en rétt þykir að festa slíkt í samningi.
- Í stað hugtaksins **gesta** í samningi er hugtakið **konur** notað.
- Í kröfufýsingu er bætt við kröfu um **áfalla- og kynjamiðaða þjónustu** og að þjónustan í neyðarskýlinu sé veitt **til kvenna af konum**.

Fylgiskjal:  
 Drög að samningi  
 Drög að Kröfufýsingu  
 Jafnréttisskimun